



Netverslun og kaup á þjónustu áberandi í nóvember

Stórir net-afsláttardagar í nóvember eru farnir að marka upphafið á jólaverslun margra. Netverslun var því, líkt og í fyrra, afar áberandi í mánuðinum þó margir virðast einnig hafa lagt leið sína í verslanir. Áhrif faraldursins á innlenda verslun eru smám saman að fjara út og kaup á þjónustu að aukast.

Líkt og Hagfræðideild [greindi frá](#) mældist kortavelta Íslendinga mjög sterk í nóvember og jókst samanlagt um 20% milli ára, 10% innanlands og 95% erlendis miðað við fast verðlag og fast gengi. Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) birti gögn um kortanotkun Íslendinga innanlands þar sem í ljós kemur að vöxturinn var fyrst og fremst drifinn af auknum kaupum á þjónustu fremur en vörum. Það skýrist af því að ýmis þjónusta sem var ófáanleg eða óaðgengileg í fyrra vegna faraldursins er nú aðgengileg á ný, þó með takmörkunum.


Vöxtur drifinn áfram af auknum þjónustukaupum

Af einstaka útgjaldaliðum mældist aukningin mest í kaupum á þjónustu ferðaskrifstofa en kortavelta Íslendinga þar jókst um 640% milli ára í nóvember. Kaup á gistinguþjónustu og þjónustu menningar- og tólmundastarfsemi ríflega tvöfaldaðist milli ára, enda var lítið um tónleika- og veisluhald vegna faraldursins á þessum árstíma í fyrra. Kaup á þjónustu veitingastaða jukust um tæp 50% milli ára miðað við fast verðlag og námu alls 5,3 mö.kr. í nóvember. Sé hins vegar miðað við nóvember 2019 mælist samdráttur í kortaveltu á veitingastöðum um 2% að raunvirði milli ára. Það er líklegt að nýleg fjölgun Covid-smita og tilkoma ómíkrón-afbrigðisins dragi eitthvað úr ásókn fólks í veitingastaði og aðrar skemmtanir fyrir hátíðirnar.

Færumst í átt að eðlilegra ástandi, með aukinni netverslun


Almennt virðist kortavelta innanlands vera að færast í átt að hefðbundnum nóvembermánuði, nema hvað netverslun mælist enn mjög sterk. Netverslun er nú mun sterkari en fyrir faraldurinn og eflaust er um að

Kortavelta Íslendinga innanlands í nóvember



Greislu kortavelta raunvirð með viðeigandi undirliði VNV. Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta Íslendinga í innlendum netverslunum



Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans



ræða þróun sem er komin til að vera. Netverslun í nóvember nam alls 6,2 mö.kr., og þó hún hafi dregist saman um 21% milli ára að raunvirði, jókst hún um 255% sé miðað við nóvembermánuð 2019.

13% af heildarkortaveltu Íslendinga í verslunum innanlands fór fram í gegnum netið í nóvember, en til samanburðar var hlutfallið að jafnaði 6% á fyrri mánuðum árs. Fjölmargar verslanir bjóða upp á sérkjör á sérstökum afsláttardögum í nóvember í netverslunum sem skýrir mikla aukningu í mánuðinum. Aðstæður voru þó betri í ár en í fyrra til þess að heimsækja verslanir og var hlutfall netverslunar því ekki jafn hátt í ár og í fyrra.

Kaup í sjálfum verslunum meiri nú en í fyrra


Sé litið til þróunar í einstaka verslunum sést að kortavelta í sjálfum verslunum jókst víða á milli ára á sama tíma og netverslun dróst saman. Mestu munaði í verslunum með heimilisbúnað þar sem kortavelta í sjálfum verslunum jókst um 60% að raunvirði milli ára á sama tíma og kortavelta í netverslunum dróst saman um 46%. Í raf- og heimilistækjaverslunum og fataverslunum sást talsvert meiri samdráttur í netverslun en sem nam hlutfallslegri aukningu í sjálfum verslunum og mældist því lítilsháttar samdráttur milli ára að raunvirði. Þrátt fyrir það mælist veltan talsvert meiri en á sama tíma árið 2019.

Gera má ráð fyrir því að verslun erlendis frá, bæði í gegnum netið og einnig vegna aukinna ferðalaga, vegi á móti minni kortaveltu í verslunum innanlands í mánuðinum. Líkt og Hagfræðideild [greindi frá](#) var nóvembermánuður veltumesti mánuður í kortanotkun Íslendinga erlendis síðan í júlí 2019.


Heimsfaraldurinn hrinti af stað netverslun

Uppsafnað yfir árið mælist netverslun nú 16% meiri en á sama tíma í fyrra sem er til marks um meiri netverslun jafnt og þétt yfir árið. Árið 2019, áður en faraldurinn braust út, fór lítill hluti verslunar Íslendinga innanlands fram í gegnum netið, aðeins um 3%. Í apríl 2020 hækkaði hlutfallið upp í 9% og hefur að jafnaði mælst um 7% síðan þá. Af einstaka verslunum hefur netverslun mælst hlutfallslega mest í raf- og heimilistækjaverslunum og því næst í verslunum með heimilisbúnað á síðustu árum. Hlutfallið er einna lægst í stórmörkuðum og dagvöruverslunum þó það fari vaxandi.

Kortavelta netverslana samanborið við veltu í verslunum í nóvember



Hlutfall netverslunar af heildarverslun



*Gögn ná út nóvembermánuð. Velta innlendra greiðslukorta raunvirt með viðeigandi undirlit VNV. Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.